

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Norðurþingi.

*Svæði heilbrigðisstofnana á Húsavík, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 20. apríl 2021 deiliskipulag heilbrigðisstofnana á Húsavík. Deiliskipulagið felur í sér mótun ramma um uppbyggingu mannvirkja á svæðinu undir og umhverfis heilbrigðisstofnanir á Húsavík. Til stendur að byggja 60 herbergja hjúkrunarheimili í brekkunni austur af núverandi heilbrigðisstofnun og dvalarheimilinu Hvammi. Innan marka deiliskipulagsins er lóð fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis auk lóða dvalarheimilisins og heilbrigðisstofnunar. Skipulagssvæðið er um 2,5 ha að flatarmáli. Deiliskipulagið var unnið með hliðsjón af vinningstillögu í hönnunarsamkeppni vegna fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis.

*Íbúðarsvæði í Auðbrekku á Húsavík, breytt deiliskipulag.*

Á fundi sínum 16. febrúar 2021 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings breytingu deiliskipulags íbúðarsvæðis við Auðbrekku á Húsavík. Breytingin felur í sér breytta afmörkun skipulagssvæðisins að sunnanverðu á móti nýju deiliskipulagi heilbrigðisstofnana.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 28. apríl 2021.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.